

Heiti Anti-Bullying Posters!

Atferli og hegðun

Aldur: 3+

Fjöldi leikmanna: Ekki tekið fram

Leiktími: Ekki tekið fram.

Innihald: 6 spjöld úr hágæða efni. Það má þurrka af þeim. Spjöldin eru hönnuð til að hanga á vegg. Þvermálið er 30 sm.

Hugmynd og markmið:

Með spjöldunum er hægt að koma í veg fyrir einelti í skólum. Ung og eldri börn geta lært af þeim. Með spjöldunum getur skólinn sýnt að einelti líðst ekki.

- Hvetja til þess að nemendur þekki einkenni eineltis.
- Þekkja algengustu aðstæður eineltis.
- Þekkja mismunandi einelti.
- Gera mun á þátttakendum í einelti: gerandi, þolandi og áhorfandi.
- Koma í veg fyrir að einelti færist í aukana.

Undirbúningur:

Á spjöldunum eru dæmi um hvernig einelti birtist í skólum. Líkamlegt, andlegt, félagslegt og einelti á netinu. Dæmin auðvelda nemendum að bregðast við mismunandi tegundum eineltis og að sjá hverjar afleiðingar verða. Hvatt er til að nemendur ræði hvað er á spjöldunum. Greina hegðun og hlutverk allra. Hvaða tilfinningar eru innra með þeim sem eru þátttakendur í einelti? Sem hópur ættu nemendur að koma með sameiginlega niðurstöðu um hvers vegna hegðun, eins og sýnd er á spjöldunum, er ekki liðin.

Dæmi um umræðuefni:

Eftirfarandi eru dæmi um umræðuefni. Nánari lýsing er á vef AKROS

<https://akroseducational.com/en/p/anti-bullying-posters>.

- Hvað er einelti í skóla?
- Hvernig veit ég að um einelti er að ræða?
 - Gætið þess að kenna ekki þolanda um eineltið.
 - Leyfið ekki einelti að fara fram án refsingar.
 - Hlutverk áhorfanda.
 - Viðbrögð skólans.

- Einelti á netinu.
- Hvað á að gera ef einhver segir þér að honum sé gert lífið leitt?
- Hvað átt þú að gera ef einhver leggur þig í einelti?

Þýðing: Eirný Valsdóttir